

Fundargerð 564

Fimmtudaginn 27. ágúst 2026 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu Byggðastofnunar að Sauðarmýri 2, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 1 - 3), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. 6 mánaða uppgjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
2. Stjórnháttayfirlýsing stjórnar - til afgreiðslu
3. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar
4. Staðsetning, tímasetning og fundarefni ársfundar - til afgreiðslu
5. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
6. Gjaldskrá Byggðastofnunar - til afgreiðslu
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. 6 mánaða uppgjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2026 auk könnunarskýrslu endurskoðanda.

MH fór yfir uppgjörið. Afkoma tímabilsins er jákvæð um 685 m.kr. Í lok júní námu eignir 34,6 ma.kr., skuldir 27,4 ma.kr. og eigið fé 7,3 ma.kr. Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 26,71%.

Til máls tóku AME, HP, MS, SRÞ, HÓ, HB, HGÓ og HI.

Formaður bar upp árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2026 til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða og sendur í rafræna undirritun.

2. Stjórnarháttayfirlýsing stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um uppfærslu á stjórnarháttayfirlýsingu auk gildandi stjórnarháttayfirlýsingar með breytingatillögum sem MH kynnti.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp uppfærða stjórnarháttayfirlýsingu stjórnar Byggðastofnunar og var hún

samþykkt samhljóða.

3. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs sem EHP kynnti. Eru allir áhættumælikvarðar innan þeirra marka sem settir eru í áhættustefnu.

EHP upplýsti að hún hefði látið af störfum hjá stofnuninni og að þetta væri hennar síðasti fundur.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME, HP og SEP.

EHP vék af fundi.

4. Staðsetning, tímasetning og fundarefni ársfundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra með tillögu um staðsetningu, tímasetningu og efni ársfundar Byggðastofnunar árið 2027 sem AME kynnti.

Lagt er til að næsti ársfundur Byggðastofnunar verði fimmtudaginn 27. maí 2027 á sunnanverðum Vestfjörðum eða á norðausturhluta landsins. Forstjóra verði falið að finna heppilegan fundarstað á þessum svæðum og setja upp dagskrá í samræmi við fyrirkomulag seinustu ára.

Til máls tóku VPÁ og HGÓ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

5. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

HÓ vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra, og forstöðumönnum fyrirtækja- og rekstrarsviðs með samantekt á vaxtakjörum Byggðastofnunar og samanburður við önnur fjármálafyrirtæki sem HP kynnti.

Lagt er til að vextir Byggðastofnunar haldist óbreyttir.

Til máls tók VPÁ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

HÓ kom aftur á fundinn.

6. Gjaldskrá Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs með tillögum að breytingu á gjaldskrá Byggðastofnunar sem HP kynnti.

Eftirfarandi tillögur liggja fyrir fundinum sem lagt er til að taki gildi 1. september nk. Aðrir liðir í gjaldskrá verði óbreyttir.

- að tímagjald Byggðastofnunar verði kr. 19.000 kr. á klst.
- að heimild í gjaldskrá til að greiða 1 m.kr. inn á lán á ári án uppgreiðslugjalds verði felld niður.

- að gjald fyrir skjalagerð verði óbreytt, þ.e. 10.000 kr. á lán, en þó að hámarki 50.000 kr. ef um fleiri en fimm lán er að ræða.
- að vísað verði í gjaldskrá sýslumanns vegna gjaldtöku á þinglýsingu og rafrænu veðbókarvottorði.

Til máls tóku VÞÁ, HI, MS, MH, HÓ, AME, HGÓ, SEÞ og SRH.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 22/26-26/26 sem HP reifaði.

Til máls tóku VÞÁ, SRH, HGÓ, MS og HÓ.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar auk upplýsingar um stöðu rekstrar 31. júlí 2026 sem SEÞ kynnti.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME.

9. Önnur mál

Breyting á fundartíma stjórnarfundar

AME lagði til að stjórnarfundurinn sem áætlaður er 27. nóvember verði færður til 13. nóvember.

Ekki komu fram athugasemdir við þá tillögu og var samþykkt að stjórnarfundurinn verði haldinn 13. nóvember kl. 13:00.

10. Næsti fundur

Næsti fundur verður 22. september á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:35.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vígfús Þórarinn Ásbjörnsson